

STARFSLEYFI

Urðunarstaður á Stjórnarsandi

Skaftárhreppur¹

Kt.: 480690-2069

1. ALMENN ÁKVÆÐI

1.1 Rekstraraðili

Starfsleyfi þetta gildir fyrir Skaftárhrepp, kt. 480690-2069, fyrir urðun og meðhöndlun úrgangs á urðunarstað í landi Breiðabólsstaðar á Stjórnarsandi, Skaftárhreppi. Komi nýr aðili að rekstrinum getur hann sótt um að starfsleyfið verði fært yfir á sig án þess að gefið verði út nýtt starfsleyfi [...]².

Skaftárhreppur er hér eftir nefndur rekstraraðili.

Rekstraraðila er heimilt að fela verktaka að annast verk fyrir sig, enda hafi viðkomandi öll tilskilin leyfi. Það er á ábyrgð rekstraraðila að fylgjast með hvort verktaki hafi öll tilskilin leyfi.

Rekstraraðila ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu og haga starfsemi og frágangi í samræmi við gildandi deiliskipulag.

1.2 Umfang starfseminnar

Heimilt er að taka á móti allt að 200 tonnum af úrgangi á ári til urðunar, kurlunar og geymslu. Einungis er heimilt að urða úrgang sem á uppruna sinn í Skaftárhreppi.

Starfsemin skiptist í eftirfarandi þætti:

A) Urðun

Þær tegundir úrgangs sem heimilt er að urða á urðunarstaðnum eru eftirfarandi:

- I. Úrgangur sem hefur verið meðhöndlaður, flokkast ekki sem spilliefni skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, og fellur í flokk 01, 02, 17, 19 eða 20 í viðauka I við sömu reglugerð.
- II. Samskonar meðhöndlaður úrgangur og í l-lið en af öðrum uppruna.

¹ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út 27. nóvember 2013 en var breytt 20. ágúst 2019.

² Breyting 2019, hér stóð áður: „sbr. 27. gr. reglugerðar nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“.

III. Óvirkur úrgangur án prófunar, sbr. lista í tl. 2.1.1 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 um urðun úrgangs.

- a. Úrgang sem inniheldur gifs er óheimilt að urða með lífrænum úrgangi, sbr.
tl. 2.2.3 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003.

Óheimilt er að urða fljótandi úrgang (þurrefnisinnihald undir 20%), hjólbærða, brotajárn, ökutæki eða spilliefni á urðunarstaðnum.

B) Geymsla úrgangs og kurlun timburs

Heimilt er að taka við timbri til kurlunar og geymslu[, hjólbörðum til geymslu, plasti til geymslu]³ og brotajárn sem ekki inniheldur spilliefni til geymslu. Óheimilt er að geyma annan úrgang á urðunarstaðnum.

Magni úrgangs sem geymt er á athafnasvæði rekstraraðila skal haldið í lágmarki og skal það aldrei verða svo mikið að hætta skapist. Magn timburs á athafnasvæðinu skal ekki fara yfir 30 tonn hverju sinni[, magn hjólbærða ekki yfir 25 tonn hverju sinni, magn plasts ekki yfir 10 tonn hverju sinni]⁴ og magn brotajárns ekki yfir 30 tonn hverju sinni.

Móttaka geislavirks úrgangs og sprengiefna er bönnuð. [Eingöngu má urða aukaafurðir dýra að uppfylltum skilyrðum í a lið í 1. gr. reglugerðar nr. 674/2017 sbr. og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1069/2009.]⁵

Brennsla úrgangs á urðunarstaðnum er bönnuð.

1.3 Eftirlitsaðili

Eftirlitsaðili hefur eftirlit með starfsemi rekstraraðila. Umhverfisstofnun getur falið öðrum framkvæmd eftirlits undir yfirumsjón sinni, sbr. 47. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs.

1.4 Breytingar á rekstri

Rekstraraðili skal veita Umhverfisstofnun upplýsingar um fyrirhugaðar breytingar á rekstri með góðum fyrirvara áður en ráðist verður í þær, sbr.[1. mgr. 13. greinar reglugerðar nr. 550/2018]⁶.

1.5 Stöðvun rekstrar

Verði rekstri hætt, tímabundið eða varanlega, skal gera ráðstafanir til þess að úrgangi, efnun og búnaði verði ráðstafað á viðurkenndan hátt. Tilkynna skal eftirlitsaðila með minnst mánaðarfyrirvara um stöðvun rekstrar og ráðstafanir þar að lútandi, þannig að taka megi út frágang.

Unnið skal samkvæmt neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs, sbr. gr. 1.7, ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri urðunarstaðarins

³ Breyting 2019.

⁴ Breyting 2019.

⁵ Breyting 2019.

⁶ Breyting 2019, hér stóð áður: „18. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

1.6 Starfsemi hafin að nýju

Tilkynna skal eftirlitsaðila um að urðunarstaðurinn hafi verið tekinn í notkun á nýjan leik ef starfsemin hefur legið niðri í meira en mánuð.

1.7 Neyðaráætlun

Rekstraraðili skal útbúa neyðaráætlun um meðhöndlun úrgangs á þjónustusvæði urðunarstaðarins ef kemur til óvæntrar stöðvunar á rekstri hans. Neyðaráætlunin skal innihalda tillögur um meðferð og förgun úrgangs þann tíma sem urðunarstaðurinn er ekki í notkun. Prentað eintak að neyðaráætlun skal vera aðgengileg eftirlitsaðila og skal hún liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar, 2014.

1.8 Lokun urðunarstaðar

Um frágang urðunarstaðar, eftirlit og mælingar á mengunarefnum eftir að starfsemi urðunarstaðarins lýkur skal fara samkvæmt 23. og 24. gr. reglugerðar nr. 738/2003, undir yfirumsjón Umhverfisstofnunar. Frágangur og landnotkun skal vera með þeim hætti að í endanlegri mynd falli svæðið sem best að landslagi. Grein 4.5 í starfsleyfi þessu skal uppfyllt eftir lokun. Áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarstaðarins skal liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur

1.9 Endurskoðun starfsleyfis

Endurskoða skal starfsleyfið[reglulega, sbr. 15. grein laga nr. 7/1998 og 14. gr. reglugerðar nr. 550/2018]⁷. Ef breytingar verða á rekstri, mengun af völdum starfseminnar er meiri en gert var ráð fyrir við gerð starfsleyfisins, fram koma nýjar reglur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fáanlegu tækni skal rekstraraðili hrinda í framkvæmd tímasettri áætlun um að draga úr mengun eins og kostur er, í samráði við Umhverfisstofnun. Ef áætlunin skilar ekki tilætluðum árangri getur Umhverfisstofnun krafist frekari aðgerða til úrbóta og endurskoðunar starfsleyfis, sbr.[14. grein reglugerðar nr. 550/2018]⁸.

1.10 Upplýsingaréttur almennings

Almenningur á rétt á aðgengi að upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn [og upplýsingum um mengunareftirlit í samræmi við ákvæði IV. viðauka reglugerðar nr. 550/2018]⁹.

1.11 Valdsvið og þvingunarúrræði

Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, ákvæðum laga og reglugerða á starfssviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila getur Umhverfisstofnun beitt ákvæðum laga nr. 55/2003 til að knýja fram úrbætur. Umhverfisstofnun er þannig heimilt að veita tilhlýðilega fresti til úrbóta, veita áminningu og ákveða rekstraraðila dagsektir, sinni hann ekki fyrirmælum stofnunarinnar. Jafnframt er stofnuninni heimilt að stöðva starfsemi rekstraraðila sé um alvarlega hættu að ræða og svipta hann starfsleyfi sé um

⁷ Breyting 2019, hér stóð áður: „að jafnaði á fjögurra ára fresti, sbr. 20. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

⁸ Breyting 2019, hér stóð áður: „21. gr. reglugerðar nr. 785/1999“.

⁹ Breyting 2019, hér stóð áður: „í samræmi við ákvæði í kafla XI í reglugerð nr. 785/1999 og upplýsingum um mengunarvarnaeftirlit í samræmi við kafla VI í reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit“.

að ræða ítrekuð brot eða alvarleg tilvik. [Umhverfisstofnun getur lagt á stjórnvaldssektir sbr. 67. gr. laga nr. 7/1998.]¹⁰

2. STARFSHÆTTIR

2.1 Umhverfi og takmörkun aðgangs

Rekstraraðili skal kappkosta að dregið verði sem mest úr því álagi sem starfsemi hans veldur á umhverfið. Skal hann setja sér umhverfismarkmið og starfa samkvæmt þeim.

Fara skal þannig með allan úrgang við meðhöndlun að tryggt sé að hann valdi hvergi óþrifnaði eða ónæði, svo sem foki úrgangsefna, ólykt eða hávaða.

Rekstraraðili skal halda athafnasvæði sínu snyrtilegu. Aðgangur að urðunarstaðnum skal vera takmarkaður og svæðið girt með girðingu sem hindrar aðgang manna og skepna og hindrar ólöglega losun úrgangs. Hlið skulu læst nema þegar starfsemi fer fram. Gott viðhald og eftirlit skal vera með girðingu. Umhverfisstofnun getur krafist lagfæringa og viðgerða á lóð, girðingu eða öðrum mannvirkjum ef nauðsynlegt þykir til þrifnaðar eða ef ástand þeirra er til lýta fyrir umhverfið.

2.2 Mengunarvarnir og nýting orku

Rekstraraðili skal nota bestu fáanlegu tækni (BAT), hafi hún verið skilgreind, við mengunarvarnir og skal nýta orku vel. Þegar aðferðum er beitt við mengunarvarnir sem valda því að mengun færst á milli andrúmslofts, vatns og jarðvegs skal lágmarka neikvæð heildaráhrif á umhverfið (samþættar mengunarvarnir). Mengun sem getur borist langar leiðir eða til annarra landa skal haldið í lágmarki og tryggja skal víðtæka umhverfisvernd.

2.3 Umhverfisstjórnunarkerfi

Rekstraraðili getur valið að vinna eftir umhverfisstjórnunarkerfi. Velja má staðlað umhverfisstjórnunarkerfi, t.d. ÍST EN ISO 14001, eða þátttöku í umhverfisstjórnunarkerfi EB, sbr. reglugerð nr. 990/2005 um frjálsa þátttöku fyrirtækja og stofnana í umhverfisstjórnunarkerfi bandalagsins (EMAS). [...]¹¹

2.4 Viðbragðsáætlun

Rekstraraðili skal gera áhættumat vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess, sbr. 18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Viðbragðsáætlun skal liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis og skal prentað eintak vera tiltækt starfsmönnum á vinnustað og aðgengilegt eftirlitsaðila

¹⁰ Breyting 2019.

¹¹ Breyting 2019, hér stóð áður: „Velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt að draga úr eftirliti og lækkar þá eftirlitsgjald sem því nemur, sbr. gr. 12.6 í reglugerð nr. 786/1999. Þá er heimilt að draga úr reglubundnu mengunarvarnaeftirliti hjá atvinnurekstri sem er með innra eftirlit með ákveðnum eftirlitsþáttum sem eftirlitsaðili hefur samþykkt.“.

2.5 Óeðlilega mikil mengun

Berist á starfstímanum óeðlilega mikil mengun frá starfseminni út í umhverfið sér rekstraraðili um að koma í veg fyrir að mengunarefnni haldi áfram að breiðast út. Rekstraraðila ber að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

2.6 Tilkynningaskylda vegna mengunarslysa

Verði óhapp eða slys sem getur haft í för með sér losun mengandi efna út í umhverfið skal þegar í stað grípa til aðgerða skv. viðbragðsáætlun (gr. 2.4) til þess að fyrirbyggja að mengun valdi skaða á umhverfinu. Tilkynna skal Umhverfisstofnun og viðkomandi heilbrigðiseftirliti um tilfelli þar sem hætta er á bráðamengun eða umtalsverðum áhrifum á umhverfið.

2.7 Verkstjórni

Stjórnandi urðunarstaðar skal hafa nægilega tæknilega færni til að stjórna honum og hann skal hafa hlotið faglega og tæknilega menntun og þjálfun. Á hverri vinnuvakt á athafnasvæði skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum urðunarstaðarins. Vaktstjóri skal kunna skil á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglugerðum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðeigandi lögum og reglugerðum, ásamt uppdrætti af urðunarstaðnum, skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Rekstraraðili skal tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðili getur haft samband við utan afgreiðslutíma urðunarstaðar ef þörf krefur

2.8 Geymsla úrgangs

Timbri[, hjólbörðum, plasti]¹² og brotajárni sem geymd eru skal komið fyrir með hentugu fyrirkomulagi og á skipulegan hátt. Ávallt skal vera hreinn aðskilnaður á milli úrgangsflokka til að lágmarka sambrunahættu, í samræmi við ábendingar og kröfur Slökkviliðs Skaftárhrepps, og skal ekki staðsetja úrgangshauga nær húsum en sem nemur 8 metrum.

2.9 Starfsmenn og starfsumhverfi

Tryggja skal að starfsfólk hafi fullnægjandi þekkingu á eitrunarhættu og eiginleikum þeirra efna sem það gæti komist í tæri við og skulu upplýsingar þar að lútandi ávallt vera tiltækar á vinnustað. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

2.10 Endurnotkun og endurnýting úrgangs

Rekstraraðili skal stuðla að endurnotkun og -nýtingu úrgangs eins og kostur er, í samræmi við gildandi svæðisáætlun sveitarstjórnar. Ef endurnotkunar- og endurnýtingarmöguleikar eru fyrir hendi skal koma úrgangi sem berst í slíka vinnslu, ef kostur er.

¹² Breyting 2019.

2.11 Gjaldtaka fyrir urðun úrgangs

Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs, sbr. 11. gr. laga nr. 55/2003. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skal gjaldið standa undir áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar. Ef rekstraraðili er sveitarfélag eða byggðasamlag skal gjaldið þó aldrei vera hærra en sem nemur þeim kostnaði sem fellur til við meðhöndlun úrgangs og tengda starfsemi sem samræmist markmiðum laga um meðhöndlun úrgangs, s.s. vegna þróunar nýrrar tækni, rannsókna, fræðslu og kynningarmála.

2.12 Tryggingar

Urðunarstaðurinn er í afskekkti byggð og er veitt undanþága frá starfsleyfistryggingu, sbr. c-lið 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Rekstraraðili skal taka ábyrgðartryggingu eða leggja fram aðra fullnægjandi tryggingu sem Umhverfisstofnun metur gilda, að upphæð 1 milljón SDR, vegna mögulegs bráðamengunartjóns, sbr. 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

3. VARNIR GEKN MENGUN YTRA UMHVERFIS

3.1 Varnir gegn foki úrgangsefna

Komið skal í veg fyrir fok úrgangsefna frá urðunarstaðnum, t.d. með uppsetningu girðinga, skjólbelta og/eða jarðvegsmana.

3.2 Verndun jarðvegs og grunn- og yfirborðsvatns

Urðunarstaðurinn er í afskekkti byggð og er veitt undanþága frá kröfum um jarðfræðilegan tálma og botnþéttingu sem koma fram í 3. tl. í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, sbr. g-lið í 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

Til að draga úr útskolun mengunarefna yfir í grunnvatn skal ekki urða úrgang neðan grunnvatnsborðs eins og það stendur hverju sinni.

3.3 Sigvatn

Urðunarstaðurinn er í afskekkti byggð og er veitt undanþága frá kröfu um söfnun sigvatns sem kemur fram í 3. tl. í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, sbr. g-lið í 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

3.4 Hauggas

Urðunarstaðurinn er í afskekkti byggð og er veitt undanþága frá kröfum um söfnun hauggass og eftirlit með hauggasi sem koma fram í 4. tl. í viðauka I við reglugerð nr. 738/2003, sbr. g-lið í 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

3.5 Hávaði

Rekstraraðili skal leitast við að draga úr hávaða frá urðunarstaðnum og skal hávaði vera í samræmi við þau mörk sem fram koma í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

4. MÓTTAKA OG URÐUN ÚRGANGS

4.1 Móttaka og skráning úrgangs

Rekstraraðili skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að viðkomandi urðunarstaður sé skoðaður reglulega til þess að ganga úr skugga um að eingöngu sé tekið við hættulitum úrgangi. og að haldin sé skrá yfir magn og tegundir úrgangssins sem komið er fyrir á staðnum, í samræmi við flokkunarkerfi reglugerðar nr. [1040/2016 um skrá yfir úrgang og mat á hættulegum eiginleikum úrgangs]¹³.

Urðunarstaðurinn er í afskekkti byggð og er veitt undanþága frá kröfum um afhendingu og móttöku úrgangs sem koma fram í 2. mgr. 9. gr. og 10. gr. reglugerðar nr. 738/2003, sbr. e- og f-liði í 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

4.2 Meðhöndlun spilliefna

Rekstraraðila ber að tryggja að engin spilliefni séu í þeim úrgangi sem tekið er á móti til urðunar. Spilliefnum sem kunna að berast rekstraraðila skal komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku við fyrsta tækifæri.

4.3 Daglegur frágangur urðunarreina

Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunarrein skal birgður samdægurs með þekjuefni sem kemur í veg fyrir fok, ónæði, ólykt, hættu og aðgang meindýra.

Verði vart við meindýr, s.s. rottur eða vargfugla, skal séð til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæði rekstraraðila, að teknu tilliti til laga nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

Gott skipulag skal vera á urðunarstaðnum og skal halda stærð vinnsluflatar í lágmarki hverju sinni. Eðju úr rotþróm skal þykkja eins og kostur er áður en hún er urðuð

4.4 Varúðarráðstafanir á urðunarstað

Koma skal úrgangi þannig fyrir á urðunarstað að haugurinn og tengd mannvirki verði sem stöðugust, einkum þannig að ekki verði um skrið að ræða

4.5 Endanlegur frágangur urðunarreina

Urðunarreinar skulu eftir fyllingu huldar jarðvegslagi, eða lagi úr sambærilegu efni, a.m.k. 1 m þykku, þannig að regnvatn renni greiðlega af þeim en sígi ekki ofan í úrganginn.

¹³ Breyting 2019, hér stóð áður: „184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang“.

5. INNRA EFTIRLIT REKSTRARAÐILA

5.1 Skráningar

Skrá skal upplýsingar um eftirfarandi atriði og skulu skráningar vera aðgengilegar eftirlitsaðila hvenær sem er:

1. Upplýsingar um allan úrgang sem tekið er á móti, sbr. gr. 4.1.
2. Magn og tegundir spilliefna sem skilað hefur verið til viðeigandi móttökustöðvar ásamt staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar, sbr. gr. 4.2.
3. Niðurstöður eftirlitsmælinga á grunnvatni, sbr. gr. 5.2.
4. Mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim, sbr. gr. 2.5 og 2.6.

Urðunarstaðurinn er í afskekkti byggð og er veitt undanþága frá kröfum um söfnun veðurfræðilegra gagna, mælingar á sigi urðaðs úrgangs og svæðislýsingu sem koma fram í viðauka III við reglugerð nr. 738/2003, sbr. a- og b-liði 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003.

5.2 Eftirlitsmælingar

Fullnægjandi aðstaða til sýnatöku og mælinga á grunnvatni skal vera fyrir hendi til að unnt sé að fylgjast með mengun sem frá urðunarstaðnum kann að berast. Tekin skulu sýni af vatni þar sem meðalsamsetning er dæmigerð. Rekstraraðili skal kosta og ábyrgjast framkvæmd sýnatöku og mælinga og fá til þess aðila sem Umhverfisstofnun samþykkir. Ef mat á gögnum gefur til kynna að lægri tíðni mælinga gefi jafn góða raun er Umhverfisstofnun heimilt að breyta tilhöguninni. Jafnframt er Umhverfisstofnun heimilt að fara fram á tíðari mælingar

Rekstraraðili skal vakta grunnvatn samkvæmt eftirfarandi mælingaáætlun:

	Mæli- /sýnatökustaður	Efnispættir	Tíðni*
Staða grunnvatns	<p>Mælibrunnar:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) ofan urðunarstaðar b) tveir neðan urðunarstaðar 	Hæð Grunnvatsborðs	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt. (um leið og sýnataka fer fram)
Samsetning grunnvatns	<p>Mælibrunnar:</p> <ul style="list-style-type: none"> a) ofan urðunarstaðar b) tveir neðan urðunarstaðar 	Hitastig, leiðni, pH, ammóníum (NH_4^+), nítrat (NO_3^-), fosför (P_{heild}), olía/fita, lífræn halógensambönd (AOX), blý (Pb), kadmíum (Cd), kvíkasilfur (Hg), tin (Sn)	Einu sinni á ári; fyrir 1. okt

[...]¹⁴

Urðunarstaðurinn er í afskekkti byggð og er veitt undanþága frá kröfum um vöktun sigvatns og yfirborðsvatns sem koma fram í viðauka III við reglugerð nr. 738/2003, sbr. a- og b-liði 26. gr. reglugerðar nr. 738/2003

5.3 Skýrslur til eftirlitsaðila

Rekstraraðili skal senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár, sbr. 9. gr. laga nr. 55/2003. Rekstraraðila er heimilt að vísa til skýrslu um grænt bókhald eða ársskýrslu ef þar er að finna ofangreindar niðurstöður.

¹⁴ Breyting 2019, hér stóð áður: „Einu sinni á ári, fyrir 1. október, skal mæla útskolun mengunarefna úr ösku sem berst frá sorpbrennslustöð Skaftárhrepps og urðuð er á urðunarstaðnum. Ávallt skal mæld aska sem er dæmigerð fyrir þá ösku sem berst frá sorpbrennslustöðinni. Uppfylli askan losunarmörk sem gefin eru í tl. 2.2.2 í viðauka II við reglugerð nr. 738/2003 er heimilt að urða hana á urðunarstaðnum.“

6. GJALDSKYLDA

Starfsemi þessi er flokkuð í [IX viðauka reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit]¹⁵. Rekstraraðili greiðir Umhverfisstofnun gjald skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar vegna útgáfu og kynningar starfsleyfisins og vegna reglubundins eftirlits. [Starfsemin skal flokkuð í gjaldflokk skv. áhættumati eftirlits sbr. 57. gr. rg. 550/2018. Gjald vegna viðbótareftirlits, svo sem vegna vanefnda eða kvartana, greiðist sérstaklega samkvæmt gjaldskrá.]¹⁶.

7. GILDISTAKA

Starfsleyfi þetta, sem gefið er út í samræmi við ákvæði laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, reglugerðar nr. [550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit]¹⁷, laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs og reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs, öðlast þegar gildi. [Starfsleyfinu fylgir greinargerð, sjá fylgiskjal.]¹⁸

Starfsleyfið gildir til 27.11. 2029.

Reykjavík, [20.08.2019]¹⁹

Umhverfisstofnun



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Sverrir Aðalsteinn Jónsson
sérfræðingur

¹⁵ Breyting 2019, hér stóð áður: „3. flokk skv. fylgiskjali 1 með reglugerð nr. 785/1999“

¹⁶ Breyting 2019, hér stóð áður: „Gjald vegna viðbótareftirlits, vanefnda eða rökstuddra kvartana greiðist sérstaklega skv. gjaldskrá Umhverfisstofnunar, sbr. 5. mgr. 12. gr. reglugerðar nr. 786/1999“

¹⁷ Breyting 2019. hér stóð áður: „785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun“

¹⁸ Breyting 2019.

¹⁹ Starfsleyfi þetta var upphaflega gefið út 27. nóvember 2013 en var breytt 20.08.2019 2019.

Viðauki

Yfirlit yfir skiladaga

- Í grein 1.7 segir að neyðaráætlun skuli liggja fyrir eigi síðar en 1. janúar 2014.
- Í grein 1.8 segir að áætlun um endanlegan frágang og landnotkun eftir lokun urðunarstaðarins skuli liggja fyrir ekki seinna en tveimur árum áður en starfsemi lýkur.
- Í grein 2.4 segir að viðbragðsáætlun vegna mögulegrar bráðamengunar frá starfseminni skuli liggja fyrir við útgáfu starfsleyfis.
- Í grein 5.3. segir að rekstraraðili skuli senda Umhverfisstofnun niðurstöður skráninga sbr gr. 5.1 fyrir 1. maí ár hvert.

[Fylgiskjal]

Greinargerð vegna auglýsingar og vinnslu breytingar á starfsleyfi urðunarstaðar Skaftárhrepps á Stjórnarsandi.

Þann 02.04.2019 óskaði Skaftárhreppur eftir breytingu á starfsleyfi urðunarstaðar sveitafélagsins á Stjórnarsandi. Breytingin felst í að heimilað er að geyma allt að 25 tonnum af hjólbörðum á urðunarstaðnum en fyrir var heimild til geymslu á allt að 30 tonnum af timbri og 30 tonnum af brotajárn. Í ferlinu var ákveðið að heimila einnig geymslu á allt að 10 tonnum af plasti til að greiða fyrir endurvinnslu í sveitarfélagini. Heildar heimild starfsleyfisins til móttöku úrgangs og urðun breyttist ekki við þetta.

Umhverfisstofnun vann tillögu að breyttu starfsleyfi og uppfærði á sama tíma reglugerðartilvísanir. Tillaga að breyttu starfsleyfi var auglýst opinberlega á vefsíðu stofnunarinnar á tímabilinu 8. júlí 2019 til og með 6. ágúst 2019.

Engar athugasemdir bárust á auglýsingatíma og var hinni auglýstu tillögu því ekki breytt.]²⁰

²⁰ Breyting 2019.